



Safnaðarblað Gleráarkirkju

3. tbl. 23. árg.

Desember 2008

Þakkið Drottni, því að hann er góður því að miskunn hans varir að eilífu (Sálm 119.24)



Leiðarljós jólanna

Á hrvistardögum sínum kenndi Jesús Kristus að við manna börn ættum að vera leitendur hér í heimi – leitendur ljóss og sannleika.

Í fjallræðunni – ræðunni sem nefnd hefur verið stefnuskrá Guðsríkisins sagði hann:

Biðjið og yður mun gefast

Leitið og þér munuð finna

Knýið á og fyrir yður mun upplökið verða (Matt 7.7)

Í Matteusarguðspjalli segir af því að endur fyrir löngu hafi vitrir menn í Austurlöndum leitað af einlægni vísbendinga í sköpunarverkinu um ráðsályktun Skaparans og vilja. Þeir komust að þeirri niðurstöðu að vitjunartími Lausnarans fyrirheitna, sem spámenn Guðs höfðu sagt fyrir um, væri kominn. Þeir lögðu af stað í langferð – í trausti og trú.

Við þekkjum þessa sögu og vitum eftir henni að leitirnar bar árangur. Þeir fengu að líta barnið sem bar með sér svar Guðs. Þeir fengu að líta hann sem er hið sanna ljós sem upplýsir

hvern mann (*Jób. 1.9*). Sagan segir að þeir hafi auðsýnt barninu dýpstu lotningu og fært því táknrænar gjafir.

Boðskapur jólanna þetta árið er hinn sami og frá upphafi. Við erum einnig kölluð til leitar í lífi okkar hér á jörðu. Við erum kölluð til fundar við hann sem ber með sér sáttargjörðina miklu milli Guðs og manna og meðal manna innbyrðis.

Hann einn lýkur í senn upp gáttum himnanna og hjörtum manna. Við erum nú sem fyrr kölluð til fundar við þá guðsblessun sem er meiri en öll veraldleg, tímanleg og forgengileg gæði en það merkir ekki að Skaparinn vilji að við förum á mis við velsæld þessa heims – heldur hitt að hann vill að hvert mannsbarn verði hólpíð, losni úr viðjum hins illa og höndli þá himnesku náð sem engan enda tekur.

Þetta boða jólin.

Guð gefi þér og fjölskyldu þinni
gleðileg jól

Gunnlaugur Garðarsson



Kórastarf í Glerárkirkju

Barnakór Glerárkirkju og Æskulýðskór Glerárkirkju

Þetta er búið að vera viðburðarríkt ár hjá Barnakór og Æskulýðskór Glerárkirkju. Núna eru 85 börn skráð í kórana og mikið um að vera. Æskulýðskórinn fór í velheppnaða ferð til Þýskalands í júlí sl. og vil ég þakka öllum þeim sem styrktu okkur til fararinnar sem og þeim frábæru foreldrum sem gerðu ferðina mögulega.

Við höfum fengið fastráðinn undirleikara með báðum kórum og það er Valmar Völjaots. Sérlegur aðstoðarmaður Barnakórsins er Þröstur Heiðar sem vinnur frábært starf og fylgir ávallt Barnakórnum.

Þann 12. desember munu báðir kórarnir syngja á Frostrósartónleikum í Íróttahöllinni. Æskulýðskórinn tekur þátt í adventukvöldi í kirkjunni þann 7. desember en aðalviðburðurinn í starfi kórsins fyrir þessi jól er að bjóða öllum að taka þátt í Kertakvöldi þar sem Magni Ásgeirsson mun syngja með kórnum vel valin jólalög. Þessi jólastund verður föstudaginn 19. desember kl. 19 og er öllum ókeypis.

Barnakórinn tekur þátt í fjölskyldugudspjónustunni á öðrum degi jóla, sýnir helgileik og leiðir sönginn.

Að lokum sendum við öllum okkar bestu óskir um gleðilega hátíð.

Ásta Magnúsdóttir, kórstjóri.

Drengjakór Glerárkirkju

Nú á haustdögum var stofnaður drengjakór við kirkjuna og stjórnar Valmar Völjaots honum. Kórinn æfir á þriðjudögum kl. 15 og hópurinn stækkar hægt og bitandi og telur nú um 15 drengi á aldrinum 10-12 ára (4.-6. bekkur grunnskóla). Kjarninn er úr grunnskólunum í sókninni, Giljaskóla, Glerárskóla og Síðuskóla, en drengjum búsettum utan sóknarinnar er þó heimilt að syngja í kórnum ef þeir óska þess og standast inntökupróf. Nánari upplýsingar gefur Valmar í síma 849 2949.

Kórinn mun koma fram í fysta sinn í hátíðargudspjónusu á jóladag kl. 14 hér í kirkjunni.

Kór Glerárkirkju

Það er helst frá starfinu að segja að síðustu helgina í október brugðum við okkur vestur að Löngumýri í Skagafirði í æfingabúðir. Þar dvöldum við í besta yfirlæti við frábærar móttökur heimanna og dásamlegan mat og drykk og



æfðum jólalögin okkar meðan úti geysaði stórhriðin. Höfðu kórfélagar á orði að myndin, sem blasti við út um gluggana þegar veðrið gekk niður, passaði vel við lögin, sem við værum að æfa: sannkölluð jólastemming! Var mál manna að þessi ferð hefði verið virkilega skemmtileg og var jafnvel talað um að gera þetta að ávissum viðburði.

Ýmislegt er framundan í starfi kórsins. Auk þess að syngja við messur kemur hann fram á adventukvöldi kirkjunnar þann 7. desember. Árlegir Jólatónleikar Kórs Glerárkirkju verða svo sunnudaginn 21. desember og hefj-

ast kl. 16. Þar fáum við til okkar góða gesti. Fyrst skal telja Kirkjukór Laugalandsprestakalls undir stjórn Daníels Þorsteinssonar. Einnig mun Örn Viðar Birgisson tenór syngja einsöng með kórnum. Hljóðfæraleikur verður í öruggum höndum Valmars Völjaots auk stjórnenda kóranna. Að venju verður einnig almennur söngur. Þessir tónleikar eru orðnir ómissandi þáttur í jólaundirbúningnum hjá okkur og vonumst við til að sjá sem flesta. Aðgangur er ókeypis og allir hjartanlega velkomnir.

Eftir áramótin verður síðan tekið til við að æfa Glóriu eftir Antonio Vivaldi af fullum krafti en hún verður flutt hér í kirkjunni á skírdag í samstarfi við Sinfóníuhljóm sveit Norðurlands. Í maí verða svo árlegir vortónleikar kórsins og að þessu sinni er stefnt á að syngja bæði norðan og sunnan heiða, í samvinnu við Kirkjukór Akraness.

Við höfum hug á því að fjölga í kórnum og ef þú hefur áhuga á að slást í hópinn skaltu hafa samband við stjórnandann, Hjört Steinbergsson, í síma 862 2316 eða á hjortur@klerarkirkja.is og hann gefur allar nánari upplýsingar.

Gleðileg jól!



Söfnuðu fyrir hjálparstarf kirkjunnar. Rakel Ása Árnadóttir og Sunna Steingrímsdóttir. Mögulegt er að styrkja hjálparstarfið á www.gjofsemgledur.is og www.framlag.is.



Hátíð ljóss og friðar

Nú er sá tími þegar allir keppast við að undirbúa jólahátíðina sem framundan er, hátíð ljóss og friðar.

Hjá mörgum eru hins vegar aðstæður allt aðrar og erfiðari heldur en þegar jólin voru undirbúin fyrir ári síðan. Þetta gerir það að verkum að fólk þarf að breyta ýmsu og gera það öðruvísi en vanalega. Í þessum aðstæðum er mikilvægt að fólk staldri við og hugleiði hvað það er sem það vill leggja áherslu á, hugleiði hvernig það vilji eyða tímanum sínum á aðventunni og hvað það er,

sem er mikilvægast fyrir þeirra eigin fjölskyldu.

Á Íslandi í dag eru erfiðir tímar sem eru tilkomnir vegna erfiðleika á fjármálamörkuðum. Það voru fáir, ef einhverjir, sem gátu séð þetta fyrir. Hins vegar er mikilvægt þegar svona erfiðleikar steðja að, að horfa fram á veginn og hafa hugfast, að þetta mun lagast.

Á fyrirlestri sem ég var á fyrir skömmu var talað um, að þegar einhver ætti í stríði væri mikilvægt fyrir hann að skilgreina hver væri óvinurinn, við hvern hann væri að berjast. Á Íslandi í dag eru margir í stríði. Alltof margir sem eru að berjast við hvern annan, kenna öðrum um hvernig komið er fyrir þeim og finna sökuðólga. Í sveisleiðis baráttu eru alltaf einhverjir sem vinna en líka margir sem tapa. Það er trú mín að ef við stöndum saman og hjálpumst að við að komast uppúr þessum erfiðleikum þá verði þeir fleiri sem standa uppi sem sigurvegarar.

Á tímum sem þessum er í raun ekkert sem reynist betur heldur en trúin á það, að til staðar sé æðra máttarvald sem heldur yfir okkur verndarhendi. Ef við trúum því, þá stöndum við aldrei ein. Þó svo að við missum veraldlegar eigur þá megum við aldrei missa trúna, því án hennar skiptir hitt engu máli. Ef þú leitar í einlægni í gegnum bænina eftir sálarró þá muntu finna hana, við verðum að muna það þegar illa steðjar að.

Á aðventunni er margt í boði til afþreyingar og vissulega gaman að taka þátt og gleðjast. Sumir fara á tónleika, aðrir heimsækja vini, einhverjir keyra um og skoða jólaljósinn og enn aðrir fara með börnunum út í snjóinn að leika sér. Allt gefur þetta okkur mikið og skil-

ur eftir sig góðar minningar sem lifa með okkur.


Kirkjan okkar býður upp á margt á aðventunni. Að koma í kirkjuna, taka þátt í söng og hlusta á Guðs orð er endurnærandi fyrir sálina.

Ég óska þess af hjartans einlægni að þú lesandi góður gefir þér tíma til að koma í kirkjuna, finna friðinn og eiga góða stund með sjálfum þér og öðrum. Kirkjan stendur öllum opin og starfsfólk kirkjunnar er alltaf tilbúið að taka á móti þér.

Með ósk frá sóknarnefnd um gleðilega jólahátíð.

Svanbildur Bragadóttir, ritari.

Táknmál trúarinnar



Stjarnan, Betlehemsstjarnan.

Gjarna er hún fimmarma eða áttaarma. Hún er tákn upprisunnar og endurnýjunarinnar. Sexarma, Davíðsstjarnan, Gyðingastjarnan getur líka verið adventutákn.

Jatan. Á gömlum myndum af fæðingu frelsarans má sjá að barnið hvílir á hveitistráum og hveitiknippi liggur á gólfinu. Þar er vísað til altarisakramentisins. Stundum er jatan nánast sýnd eins og altari. Lúter sagði að Gamla testamentið væri jatan þar sem Jesúbarnið liggur.

Vinaheimsókn kirkjunnar

Vinaheimsókn kirkjunnar er með aðsetur í Kirkjubæ við Ráðhústorg og þar er viðvera á þriðjudögum kl. 10:00-12:00 (Sími 462-6703). Um er að ræða samstarfshóp um málefni aldraðra.



*Við sendum vinum og velunnurum bestu óskir um
gleðileg jól og farsælt nýtt ár
Þökkum ánægjulegar samverustundir á liðnum árum
Vinaheimsókn kirkjunnar í Eyjafjarðarprófastsdæmi*

Frá kvenfélaginu Baldursbrá

Félagið hefur aðstöðu í Glerárkirkju til fundahalda. Fundir eru einu sinni í mánuði yfir vetrartímam. Vil ég hvetja konur, ekki síst ungar konur, að mæta á fundi til okkar og kynna sér starfsemi félagsins. Hún gengur út á það að láta gott af sér leiða, afla fjár sem síðan rennur til góðra málefna. Síðast og ekki síst er þetta skemmtilegur félagskapur!

Á árinu höfum við getað styrkt ýmsa aðila. Leita má til okkar nú fyrir jólin, við getum aðstoðað.

Nú er adventan hafin, jólin nálgast og jólaljósinn lýsa upp skammdegið. Bestu þakkir til allra sem stutt hafa okkur á iðnum árum. Við óskum ykkur öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

*Hildur Marinósdóttir
formaður*

Sálarstaldrið

í Kirkjubæ við Ráðhústorg

Dagskráin í desember:

Föstudaginn 3. des. kl. 12. Iðrun á jólaföstu.

Föstud. 12. des. kl. 12. Kynnt myndasýning frá Hjálparstarfi kirkjunnar og árleg jólasöfnun.

Föstud. 19. des. kl. 12 Adventan og jólaundirbúningur fyrir og síðar. Jólásaga.

*Starfsfólk Kirkjubæjar
sendir öllum kærar jólakveðjur
og óskir um farsælt nýtt ár.*

- Munið Sálarstaldrið! -

Helgihald í Glerárkirkju á aðventu og jólum

Sunnudagur 7. desember

★ Barnasamvera og messa kl. 11.00

Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti: Hjörtur Steinbergsson.

- ★ **Aðventukvöld kl. 20:30.** Ræðumaður: Höskuldur Þór Þórhallsson alþingismaður. Æskulýðskór Glerárkirkju undir stjórn Ástu Magnúsdóttur og Kór Glerárkirkju undir stjórn Hjartar Steinbergssonar flytja tónlist og leiða almennan söng. Helgileikur við kertaljós í umsjón fermingar barna og Æskulýðskórs í lok stundarinnar. Prestar: Sr. Gunnlaugur Garðarsson og sr. Arnaldur Bárðarson. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Miðvikudagur 10. desember

- ★ **Hádegissamvera kl. 12:00.** Notaleg helgistund í kirkjunni og samfélag við matarborðið á eftir.

Fimmtudagur 11. desember

- ★ **Aðventusamvera eldri borgara kl. 15:00.** Spjall, söngur, helgistund og kaffihlaðborð.

Sunnudagur 14. desember

- ★ **Barnasamvera og messa kl. 11:00.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti: Hjörtur Steinbergsson.

- ★ **Kvöldguðsþjónusta** með léttri tónlist kl. 20.30.

Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Krossbandið, Snorri, Ragga og Kristján leiða söng.

Miðvikudagur 17. desember

- ★ **Hádegissamvera með jólabragði kl. 12:00.** Notaleg helgistund í kirkjunni og samfélag við matarborðið á eftir.

Föstudagur 19. desember

- ★ **Jólatónleikar Æskulýðskórs Glerárkirkju kl. 19:00.** Sérstakur gestur: Magni Ásgeirsson söngvari. Píanóleikur: Valmar Völjaots. Stjórnandi: Ásta Magnúsdóttir. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Sunnudagur 21. desember

- ★ **Messa kl. 11:00.** Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju leiða söng. Organisti: Hjörtur Steinbergsson.

- ★ **Fjölskylduguðsþjónusta kl. 13:00.** Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Fiðlunemendur úr Tónlistarskóla Akureyrar leika. Æskulýðskór Glerárkirkju syngur. Stjórnandi: Ásta Magnúsdóttir. Organisti Valmar Völjaots.

- ★ **Jólatónleikar Kórs Glerárkirkju kl. 16:00.** Sérstakir gestir: Kirkjukór Laugalandsprestakalls, stjórnandi Daníel Þorsteinsson.



Einsöngur: Örn Viðar Birgisson, tenór. Hljóðfæraleikur: Valmar Völjaots. Stjórnandi: Hjörtur Steinbergsson. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

24. desember – Aðfangadagur jóla

- ★ **Aftansöngur kl. 18:00.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Einsöngur: Sigrún Arna Arngrímsdóttir mezzosópran. Kór Glerárkirkju syngur. Organisti: Hjörtur Steinbergsson. Lúðrasveit Akureyrar leikur í forkirkju frá kl. 17:30.

- ★ **Miðnæturmessa kl. 23:30.** Sr. Arnaldur Bárðarson og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni þjóna. Félagar úr Kór Glerárkirkju leiða almennan söng. Organisti: Hjörtur Steinbergsson.

25. desember – jóladagur

- ★ **Hátíðarguðsþjónusta kl. 14:00.** Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Einsöngur: Örn Viðar Birgisson tenór. Kór Glerárkirkju syngur.

Drengjakór Glerárkirkju kemur fram í fyrsta sinn.

Organisti: Valmar Völjaots.

26. desember – annar dagur jóla

- ★ **Fjölskylduguðsþjónusta kl. 13:00.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni þjóna. Helgileikur. Barnakór Glerárkirkju syngur. Stjórnandi Ásta Magnúsdóttir. Organisti Valmar Völjaots.

Sunnudagur 28. desember

- ★ **Messa kl. 11:00.** Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti Hjörtur Steinbergsson.

- ★ **Kvöldguðsþjónusta með léttu jólabragði kl. 20:30.**

Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Krossbandið, Snorri, Ragga og Kristján leiða söng.

31. desember – Gamlársdagur

- ★ **Aftansöngur kl. 18:00.** Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti: Hjörtur Steinbergsson.

1. janúar 2009 – Nýársdagur

- ★ **Hátíðarmessa kl. 14:00.** Sr. Gunnlaugur Garðarsson og Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni þjóna. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti: Hjörtur Steinbergsson.

Glerárkirkja

Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni þriðjudaga til föstudaga kl. 11:00-12:00 og eftir samkomulagi. Sími á skrifstofu 464 8808, heima 462 7676 og farsími 864 8455. Netfang: gunnlaugur@glararkirkja.is

Sr. Arnaldur Bárðarson

Viðtalstímar í kirkjunni mánudaga til fimmtudaga kl. 13:00-14:00 og eftir samkomulagi. Sími á skrifstofu 464 8802, heima 462 6605 og farsími 864 8456. Netfang: arnaldur@glararkirkja.is

Pétur Björgvin Þorsteinsson, djákni

Viðtalstímar eftir samkomulagi. Sími á skrifstofu 464 8807 og farsími 864 8451. Netfang: petur@glararkirkja.is

Starfsmenn við Glerárkirkju

Umsjónarmaður: Sverrir Pálmason.

Við í kirkjunni daglega kl. 11:00 til 16:00. Sími á skrifstofu 464 8800 og farsími 864 8453. Netfang: sverrir@glararkirkja.is

Organisti: Hjörtur Steinbergsson.

Viðtalstímar eftir samkomulagi. Sími á skrifstofu 464 8804 og farsími 862 2316.

Tónlistarmaður: Valmar Völjaots. Viðtalstímar eftir samkomulagi. Sími á skrifstofu 464 8800 og farsími 849 2949.

Ráðskona: Sigurrós Anna Gísladóttir. Farsími: 848 6440.

Kirkjuverðir: Sigríður Albertsdóttir. Farsími 847 9025. **Jón Oddgeir Guðmundsson.** Farsími 894 4301.

Ath.: Aðventusamvera eldri borgara verður fimmtudaginn 11. desember kl. 15:00.

Glerárkirkja: Sími 464 8800 • Fax: 464 8809 • www.glararkirkja.is

